

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 23. maí kl. 13:00 var haldinn 319. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Vala Valtýsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar og Lilja Börk Ágústsdóttir í fjarveru Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir. Hildur og Guðjón tóku þátt um fjarfundarbúnað.

Bjarni Bjarnason, forstjóri tók þátt í fundinum um fjarfundarbúnað. Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, sat fundinn.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 318 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Bjarna Frey Bjarnasyni, aðstoðarmanni framkvæmdastjóra lögðu fram og kynntu árshlutauppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir fyrsta ársfjórðung 2022. Umræður. Uppgjörð samþykkt samhljóða og verður undirritað rafrænt.

Benedikt og Bjarni Freyr gerðu grein fyrir stöðu fjármögnunar ásamt því að fara yfir sviðsmyndagreiningu sem unnin var með KPMG vegna átakanna í Austur-Evrópu og hagspár.

Áhættuskýrsla, dags. 19.05.2022, lögð fram.

3. Lögð fram til rýni, ÖH stefna. Lagt er til að stefnan verði samþykkt óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt. Samþykkt.
4. Guðrún Erla Jónsdóttir gerði grein fyrir framvindu stefnuverkefna í samstæðu OR og markmið. Umræður.
5. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19.05.2022. Umræður.
6. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 17.05.2022

Drög að fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 20.05.2022

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf., dags. 18.05.2022

Drög að fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf. dags. 04.05.2022

Minnisblað framkvæmdastjóra Carbfix ohf. dags. 02.05.2022

Drög að fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 20.05.2022

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 19.05.2022

7. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 19. 5. 2022. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:15.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. júní 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Hildur Björnsdóttir,
Guðjón Viðar Guðjónsson, Lilja Björk Ágústsdóttir.